



Fáni búddista

Fáni búddista var hannaður árið 1880 og notaður upphaflega í Sri Lanka sem tákni um trú og frið. Árið 1952 var hann svo samþykktur á heimsþingi búddista sem alþjóðlegur fáni búddadóms.

Fáninn er hannaður úr þeim sex litum sem sagt er að hafi skinið í áru Búdda eftir að hann öðlaðist uppljómun sína:

- blár fyrir samúð
- gulur fyrir meðalveginn
- rauður fyrir blessun
- hvítur fyrir hreinleika og frelsun
- appelsínugulur fyrir visku
- Sjötti liturinn er svo sambland allra þessara lita.



Vesak hátíðin er stærsta hátíð í búddisma og er hún haldin til að minnast fæðingu, uppljómun og dauða Búdda.

Fáninn er tákni sameiningar búddista og er notaður í meira en 60 löndum á búddahátíðum, einkum á Vesak hátíðinni. Hægt er að lesa meira um hátíðir búddista í kaflanum [Að vera búddatrúar > Hátíðir](#).

Spurningar

1. Hvað á fáni búddista að tákna?
2. Hvað merkja litirnir í fánanum?